

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagsáætlun í Reykjavík.

Bíldshöfði 9, breyting á deiliskipulagi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 24. apríl 2001 breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina Bíldshöfða 9.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 25. maí 2001

F.h. Þorvaldar S. Þorvaldssonar skipulagsstjóra,

e.u. **Guðný Aðalsteinsdóttir.**

31. maí 2001

Nr. 423

AUGLÝSING

um breyting á deiliskipulagsáætlun í Reykjavík.

Borgartún 24, breyting á deiliskipulagi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 8. maí 2001 breytingu á deiliskipulagi fyrir Borgartún 24.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 31. maí 2001.

F.h. Þorvaldar S. Þorvaldssonar skipulagsstjóra,

e.u. **Guðný Aðalsteinsdóttir.**

15. maí 2001

Nr. 424

AUGLÝSING

um gjaldskyldu á bílastæðum í Reykjavík.

Garðastræti sunnan Túngötu.

Borgarráð ákvað eftirfarandi á fundi sínum þann 5. nóvember 2000, með tilvísun til 20. gr. samþykktar um Bílastæðasjóð Reykjavíkur frá 1. mars 1988, sbr. 2. mgr. 83. gr. umferðarlags nr. 50/1987.

Almenn bílastæði við götukant Garðastrætis á svæðinu frá Túngötu að Kirkjugarðsstíg/Hólatorgi, verði gjaldskyld.

Settir verði upp miðamælar á svæðinu með tímagjaldinu 80 krónur á klukkustund í samræmi við staðsetningu stæðanna á gjaldsvæði 2.

Ákvörðunin tekur þegar gildi.

Þingholtsstræti sunnan Amtmannsstígs.

Borgarráð ákvað eftirfarandi á fundi sínum þann 26. september 2000, með tilvísun til 20. gr. samþykktar um Bílastæðasjóð Reykjavíkur frá 1. mars 1988, sbr. 2. mgr. 83. gr. umferðarlags nr. 50/1987.